

**126. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) var haldinn miðvikudaginn 6. nóvember 2019 að Aðalstræti 12, Bolungarvík og hófst hann kl. 13:15.**

**Fundinn sátu:**

Smári Haraldsson (SH) formaður, Sigríður Gísladóttir (SG), í síma og Bryndís Sigurðardóttir (BS), í síma, Sigurður Halldór Árnason, forstöðumaður (SHÁ) og Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Friðbjörg Matthíasdóttir.

**Dagskrá:**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Lögð fram fundargerð 125. fundar stjórnar NAVE frá 24. september 2019. Fundargerðin staðfest samhljóða.

**2. Starfsmannamál.**

*a) Forstöðumaður.*

Sigurður Halldór Árnason er ráðinn forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða frá 1. nóvember 2019, í stað Nancy Bechtloff, sem hefur látið af störfum. Stjórn býður Sigurð Halldór velkominn til starfa og þakkar Nancy Bechtloff fyrir störf hennar í þágu Náttúrustofunnar og óskar henni velfarnaðar. Bókun við dagskrárliðinn var að öðru leyti færð í trúnaðarbók.

*b) Verkefnastjóri.*

Friðbjörg Matthíasdóttir mun starfa sem verkefnastjóri til 31.12.2019. Bókun við dagskrárliðinn var að öðru leyti færð í trúnaðarbók.

*c) Bókun við dagskrárliðinn var færð í trúnaðarbók.*

**3. Samningur við Attentus ehf. um vinnslu persónuupplýsinga.**

Samningur vegna vinnslu persónuupplýsinga við Attentus ehf. lagður fram til kynningar.

**4. Fuglavöktun á Vestfjörðum 2019-2021, verkefnalýsing.**

Verkefnalýsing vegna samnings við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið lögð fram til kynningar. Verkefnastjóri fuglavöktunarsamnings er Cristian Gallo.

**5. Verkefnastaða og samstarfsverkefni.**

Forstöðumaður kynnti verkefni og möguleg samstarfsverkefni fyrir stjórn. Meðal verkefna framundan er áframhald verkefnis Náttúrustofu Vestfjarða sem hlaut styrk úr Umhverfissjóði sjókvíaeldis fyrir verkefnið: *Sjávarlús á villtum laxfiski á Vestfjörðum og Austfjörðum* að fjárhæð 5,5mkr. Margrét Thorsteinsson er verkefnastjóri fyrir verkefnið.

**6. Fjárhagsstaða.**

Verkefnastjóri lagði fram yfirlit yfir rekstur fyrstu 9 mán. ársins og horfur ársins 2019. Rætt um áherslur vegna fjárhagsáætlunar 2020. Stjórn undirritaði heimild til skammtímalántöku vegna allt að 10 mkr. hjá Landsbankanum. Um er að ræða heimild vegna yfirdráttar sem kynni að verða veittur til skamms tíma.

**7. Önnur mál.**

Formaður stjórnar fór yfir mikilvægi þess að framhald yrði á stefnumótunarvinnu sem Náttúrustofan hefur verið að vinna að. Einnig óskaði formaður eftir því að forstöðumaður myndi leggja áherslu á vinnu við setningu persónuverndar- og skjalastjórnunarstefnu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15.**

Smári Haraldsson (sign.).

Sigríður Gísladóttir (sign.).

Bryndís Sigurðardóttir (sign.).

Sigurður Halldór Árnason (sign.)

Friðbjörg Matthíasdóttir (sign.).